

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Olíudreifing Akranesi



<b>Dags eftirlits</b>	22.9.2022	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ari Elísson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	350350,973 426834,143

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá ákvæðum starfsleyfis komu fram við eftirlit og engin ábending var sett fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða lokaða olíubirgðastöð Olíudreifingar að Breiðinni, Akranesi. Stöðin var aflögð árið 2018 og er unnið eftir áætlun um meðhöndlun jarðvegs skv. gr 1.5 í starfsleyfi.

#### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Staða hreinsunar skv. áætlun
- Skoðunarferð

Keyrt var að lóð olíubirgðastöðvarinnar og aðstæður skoðaðar. Girðingar voru í lagi og hlið stóðu læst. Enn er verið að vinna niður olíumengaða efnishauga á lóðinni og er það gert skv. áætlun. Búið er að fjarlægja alla geyma og lagnir sem tilheyrðu birgðastöðinni. Girðingar og hlið verða látin standa á meðan lóðin er hreinsuð og geymsluhús stendur inni á lóðinni. Engar ábendingar eru settar fram þar um.

Rætt var símleiðis við rekstraraðila og þar kom fram að enn sé nokkur tími í að lóðin verði tilbúin til afhendingar og að ferlið við niðurbrot olíumengaða jarðvegsins sé enn í fullum gangi.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var ekki fyllt út þar sem stöðin er í lokunarferli en stöðin helst inni í eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar og verður vettvangsheimsókn framkvæmd á þriggja ára fresti á meðan unnið er eftir áætlun um meðhöndlun jarðvegs.

### ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

### ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti enda stöðin í lokunarferli og engin starfsemi hefur verið þar síðan árið 2018.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.10.2022

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir